

Landsyfirréttardómar 1901.

Mánudaginn 21. janúarmánaðar.

Nr. 40/1900:

Réttvísinn

gegn

Gísla Þóroddssyni.

D ó m u r:

Mál þetta, sem af réttvísinnar hálfu er höfðað gegn ákærða, Gísla Þóroddssyni, fyrir brot gegn 171. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869, var dæmt í aukarétti Norður-Múlasýslu 17. ágústm. f. á., með þeim úrslitum, að hinn ákærði var dæmdur til vatns og brauðs hegningar í 4×5 daga og til að greiða allan málskostnað, þar með talin varnarlaun til talsmanns ákærða, bæjargjaldkera Árna Jóhannssonar, 5 kr.

Dómi þessum er af hálfu hins opinbera áfrýjað til landsyfirdómsins.

Með eigin játningu hins ákærða, sem styðst við þær skýrslur, sem á annan hátt eru fengnar í málinu, er það löglega sannað, að hann kringum jólin 1898 kom í kofa nokkurn skamt frá Forn-

stekk í Seyðisfirði, þar sem ekkjan Signý Sigfúsdóttir býr með dóttur sinni Pálinu Árnadóttur, 25 ára gamalli, sem er fábjáni. Var Pálina þá ein í kofanum og lá í rúmi sínu óklædd. Hann lagðist ofan á hana og hafði holdlegt samræði við hana, án nokkurs umtals við hana, og án þess á nokkurn hátt að þröngva henni með valdi eða hótunum. Einhvern tíma á góunni 1899 kom hann aftur í kofann; var Pálina þá ein inni, og átti hann þá aftur holdlegt samræði við hana á sama hátt og fyr greinir. Hinn 31. desember 1899 ól Pálina barn.

Pálina er, eftir því sem upplýst er í prófunum og sem styðst við álit hlutaðeigandi læknis, með öllu fábjáni og er lítt eða ekkert talandi.

Hinn ákærði, sem er drykkjumaður, var í bæði skiftin, er hann hafði holdlegt samræði við Pálinu, talsvert ölvaður, en þó ekki svo út úr, að hann ekki vissi, hvað hann gjörði.

Brot hins ákærða, sem er kominn langt yfir lögaldur sakamanna, og ekki áður hefir sætt hegningu fyrir neitt afbrot, hefir héraðsdómariinn með réttu heimfært undir 171. gr. hegningarlaganna og virðist mega ákveða hegningu ákærða samkvæmt nefndri lagagrein, sbr. 40. gr. sömu laga, betrunarhúsvinnu í 8 mánuði. Með því að yfirdómurinn felst á ákvæði héraðsdómsins um málskostnað, ber þannig að staðfesta hann með nefndri breytingu á hegningunni. Svo ber ákærða og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með

talín málfútningslaun til sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Gísli Þóroddsson á að sæta betr-unarhúsvinnu í 8 mánuði; að öðru leyti á héraðsdómurinn að vera óraskaður. Ákærða ber að greiða áfrýjunarkostnað málsins, þar með talín málfútningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 11. febrúarmánaðar.

Nr. 27/1900:

Sígfús Pétursson
gegn
Ólafi Ólafssyni.

D ó m u r:

Með skjali, dags. 2. febr. 1899, gjörðu þeir, áfrýjandi Sígfús Pétursson, þá á Þorleifsstöðum, og stefndi Ólafur Ólafsson, þá á Neðri-Mýrum, samning um kaup á jörðinni Steiná í Bólstaðarhlíðarhreppi til handa áfrýjanda, og skyldi áfrýjandi greiða fyrir jörðina 4000 kr., er gjaldast skyldu þannig, að áfrýjandi tæki að sér 1485 kr. skuld